

11. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. október 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um útgáfu leyfa til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald.

Gjald vegna útgáfu leyfis.

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu leyfa til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tanningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald skv. 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd með síðari breytingum.

Upphæð gjaldsins skal vera:

fyrir leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 5.500
fyrir leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni önnur en leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 30.500
fyrir endurnýjun leyfa vegna dýrahalds í atvinnuskyni annarra en til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 20.500

Umframkostnaður.

2. gr.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en gert er ráð fyrir í 1. gr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu þó þannig að heildarkostnaður við útgáfu leyfis verði ekki hærrí en kr. 60.500. Umhverfisstofnun skal gera umsækjanda grein fyrir umfangi umframvinnu vegna útgáfu leyfis.

Tímagjald sérfræðings er: kr. 5.000

Innheimta.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið tekin. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Gildistaka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

*Þórður H. Ólafsson.***AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi á Akureyri.***Fjölbýlishúsalóð við Skessugil.*

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 2. september 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 8. apríl 1997.

Breytingin felst í því að í stað áformaðs hverfisvallar við enda Skessugils kemur lóð fyrir tvö tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 8 íbúðum.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. október 2003.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING**um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði. Tillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 28. október 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.